



# Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

549. stjórnarfundur 8. október 2020 kl. 17:00

## Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

### 2. Innkomin bréf

Fréttabréf frá UMFÍ, hertar aðgerðir vegna Covid-19. Fjöldatakmarkanir.

Tölvupóstur með bréfi frá ÍRB með ósk um að deildir sendi inn iðkendatölur vegna þjálfarastyrks Rnb.

Minnispunktur vegna verkefnisins Allir með.

Tölvupóstur frá formanni ÍRB, boðsbréf á ársþing ÍRB 26. október.

### 3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar áframsendir á deildir félagsins.

Bréf ÍRB vegna þjálfarastyrks Reykjanesbæjar 2021 sent á deildir. Skilafrestur á iðkendafjölda er 18. október 2020.

### 4. Heimasíða Keflavíkur

Vinna er í fullum gangi og er stefnt á að hún verði tilbúin í nóvember 2020.

### 5. Jólblað 2020

Búið er að senda á deildir um skil á greinum og myndum. Skilafrestur er 11. nóvember.

### 6. Sideline

Einar er búinn að afla upplýsinga um eigendur á forritunarkerfinu. Meirihluti fundarmanna samþykkir að aðalstjórn kaupir kerfið og allar deildir geti þá haft afnot af því.

### 7. Rafíþróttir

Einar fundaði með Arnari sem er forsvarsmaður rafíþróttaráðs. Það er mikill hugur í mönnum að koma þessu á laggirnar. Aðalstjórn er tilbúin að veita styrk og lán til að koma á fót deild í rafíþróttum. Rætt um að þeir fengu inni á Hringbraut 108. Framkvæmdastjóra falið málið.

### 8. Ársþing ÍRB

Búið er að boða til ársþings ÍRB 26. október kl. 20:00 í félagsheimili Keflavíkur. Aðalstjórn leggur til að þingi verði frestað fram á vor vegna aðstæðna í samfélaginu.

### 9. Önnur mál

A. Rannsóknarlögreglan hefur óskað eftir tölvupóstssamskiptum frá 2010 vegna ákveðins máls. Einar hefur sent tölvupóstssamskipti til rannsóknarlögreglunnar.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 22. október 2020

Fundi slitið kl. 18:20

Fundinn ritaði Eva Björk